

AUGLÝSING

um breyting á reglugerð um skráningu sérlyfa nr. 48 20. maí 1964,
sbr. reglugerðir um breyting á þeirri reglugerð nr. 295/1968
og nr. 220/1973.

1. gr.

8. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Af hverju formi sérlyfs, sbr. 9. og 19. gr., sem er á sérlyfjaskrá 1. janúar ár hvert, skal greiða 1 500.00 króna árgjald, er greiðist til sérlyfjasjóðs fyrir 1. mars ár hvert.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 62. gr. lyfsölulaga nr. 30 29. apríl 1963 og öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 19. september 1974.

Matthías Bjarnason.

Jón Ingimarsson.

24. september 1974.

Nr. 288.

AUGLÝSING

um umferð á Akureyri.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 48 23. apríl 1968 hefur eftirfarandi verið ákveðið:

1. **Mýrarvegur** verður aðalbraut, þó þannig að umferð um hann víki fyrir umferð um Þingvallastræti.
2. **Skógarlundur** verður aðalbraut. Umferð um veginn víki þó fyrir umferð um Þingvallastræti og Mýrarveg.
3. Umferð um Hamarsstíg skal víkja fyrir umferð um Oddeyrargötu.

Reglur þessar taka gildi 15. október 1974.

Lögreglustjórinn á Akureyri, 24. september 1974.

Ófeigur Eiríksson.